



Borgarráð

Breytingartillögur Samfylkingar (S), Framsóknarflokksins (B), Pírata (P) og Viðreisnar (C) við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023**Breytingartillögur vegna aðgerðaráætlunar****RHS****SBPC-1 Tillaga vegna breytinga á Hverfissjóði íbúaráða**

Lagt er til að fjárheimildir á sameiginlegum kostnaði verði lækkaðar um 10.000 þ.kr. með lækkun á fjármagni í Hverfissjóð. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09309	Hverfissjóður	Frá	-10.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	10.000
Samtals				0

SBPC-2 Tillaga vegna breytinga á styrkjaþotti MAR

Lagt er til að fjárheimildir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu verði lækkaðar um 5.000 þ.kr. með lækkun á fjármagni í styrkjaþott MAR. Með þessari aðgerð lækkar potturinn um helming. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
MAR	01271	Mannréttindaskrifstofa	Frá	-5.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	5.000
Samtals				0

SBPC-3 Tillaga vegna breytinga á fjölda fulltrúa í Öldungaráði

Lagt er til að fjárheimildir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu verði lækkaðar um 500 þ.kr. með fækkun á tveimur fulltrúum í öldungaráði. Gert ráð fyrir að fulltrúar fari úr 9 niður í 7 fulltrúa. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
MAR	01271	Mannréttindaskrifstofa	Frá	-500
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	500
Samtals				0

SBPC-4 Tillaga vegna breytinga á styrkjaþotti borgarráðs

Lagt er til að fjárheimildir á sameiginlegum kostnaði verði lækkaðar um 12.500 þ.kr. með lækkun á fjármagni í styrkjaþott borgarráðs. Breytingin á styrkjaþottinum nemur 50% lækkun. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09301	Styrkir á vegum borgarráðs	Frá	-12.500
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	12.500
Samtals				0

SBPC-5 Tillaga vegna breytinga á fundarkostnaði borgarstjórnar

Lagt er til að fjárheimildir Skrifstofu borgarstjórnar verði lækkaðar um 1.500 þ.kr. með lækkun á fundarkostnaði borgarstjórnar. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SBS	01001	Skrifstofa borgarstjórnar	Frá	-1.500
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	1.500
Samtals				0

SBPC-6 Tillaga vegna breytinga á Miðborgarsjóði

Lagt er til að fjárheimildir Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verði lækkaðar um 10.000 þ.kr. með lækkun á fjármagni í Miðborgarsjóð. Fjármagn Miðborgarsjóðs fer þá úr 30.000 þ.kr. í 20.000 þ.kr. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SBB	01296	Miðborgarmál	Frá	-10.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	10.000
Samtals				0

SBPC-7 Tillaga vegna breytinga á Lýðheilsusjóði

Lagt er til að fjárheimildir á sameiginlegum kostnaði verði lækkaðar um 10.000 þ.kr. með lækkun á fjármagni í Lýðheilsusjóð. Fjármagn Lýðheilsusjóðs fer þá úr 30.000 þ.kr. í 20.000 þ.kr. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09308	Lýðheilsusjóður	Frá	-10.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	10.000
Samtals				0

SBPC-8 Tillaga vegna breytinga á ráðningu í stöðugildi

Lagt er til að fjárheimildir Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verði lækkaðar um 10.000 þ.kr. með frestun á ráðningu í laust stöðugildi. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SBB	01100	Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara	Frá	-10.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	10.000
Samtals				0

SBPC-9 Tillaga vegna lækkunar á kostnaði í Endurskoðunarnefnd

Lagt er til að fjárheimildir á sameiginlegum kostnaði verði lækkaðar um 4.800 þ.kr. vegna lækkunar á öðrum kostnaði Endurskoðunarnefndar. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09212	Endurskoðunarnefnd	Frá	-4.800
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	4.800
Samtals				0

SBPC-10 Tillaga vegna lækkunar á aðkeyptri þjónustu

Lagt er til að fjárheimildir Innri endurskoðunar verði lækkaðar um 4.000 þ.kr með lækkun á aðkeyptri þjónustu skrifstofunnar. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
IER	01410	Innri endurskoðun og ráðgjöf	Frá	-4.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	4.000
Samtals				0

SBPC-11 Tillaga vegna afnáms niðurgreiðslna á bílastæðum Reykjavíkurborgar vegna bílastæða Bílastæðasjóðs í Ráðhúsi og Höfðatorgi.

Lagt er til að niðurgreiðslur á bílastæðum Bílastæðasjóðs sem Reykjavíkurborg hefur niðurgreitt verði hætt. All mörg ár eru síðan niðurgreiðslur og veittir afslættir vegna kjörinna fulltrúa lögðust af og verður niðurgreiðslum og afsláttum hætt vegna starfsfólks. Starfsfólk getur líkt og áður gert samgöngusamninga. Þar sem hluti bílastæða í kjallara Höfðatorgs er hluti af leigusamningi borgarinnar um Höfðatorg er gert ráð fyrir að endursamið verði til lækkunar eða stæðin boðin hæstbjóðanda.

SBPC-12 Tillaga um breytingar á hlutverki miðlægs samskiptateymis

Undirbúnað verði breytingar á samskiptateymi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem miða að því að skýra og skerpa hlutverk teymisins og líta heildstætt á flæði upplýsinga. Hluti af breytingunum felist í því að sett verði á laggirnar miðlaver fyrir Reykjavíkurborg undir stjórn samskiptastjóra samskiptateymis sem þjónustar öll svið borgarinnar varðandi myndmiðlun og gerð kynningarefnis. Í því felast tækifæri til hagræðingar í heild sinni fyrir Reykjavíkurborg og betri nýtingu á samskiptainviðum, aukinni samhæfingu og hagstæðari aðkeyptri þjónustu. Tillögurnar verði tilbúnaðar í janúar 2023.

SBPC-13 Tillaga vegna breytingar á Nýsköpunarsjóði námsmanna

Lagt er til að fjárheimildir á sameiginlegum kostnaði verði lækkaðar um 15.000 þ.kr. vegna lækkunar á framlögum í Nýsköpunarsjóð námsmanna. Stuðning Reykjavíkurborgar vegna Nýsköpunarsjóðs námsmanna verði breytt þannig að bein framlög í sjóðinn verði lögð af en 15.000 þ.kr. verði í auknum mæli varið í mótfamlög vegna verkefna sem tengjast Reykjavíkurborg beint. Sjóðurinn á sér langa og farsæla sögu og hefur vaxið síðustu ár án þess að önnur sveitarfélög hafi komið að stuðning við hann með beinum hætti. Í ljósi þess er eðlilegt að slíkt gildi einnig um borgina en að Reykjavík efli hins vegar stuðning við einstök verkefni sem sótt er um í sjóðinn og hafa beina þýðingu fyrir borgina og auki þannig líkur þess að þau nái fram að ganga og skili árangri.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09508	Nýsköpunarsjóður námsmanna	Frá	-15.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	15.000
Samtals				0

USK

SBPC-14 Tillaga vegna skipulagsbreytingar hjá Meindýravörnum

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs lækki um 10.000 þ.kr. vegna skipulagsbreytinga hjá meindýravörnum. Ekki er gert ráð fyrir að ráða í laust í stöðugildi sem losnar 1.febrúar 2023. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
USK	U9230	Meindýravarnir	Frá	-10.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	10.000
Samtals				0

SBPC-15 Tillaga vegna breytinga á fjárveitingu vegna námsleyfa

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs lækki um 4.300 þ.kr. vegna námsleyfa. Leitað verður annarra leiða ef upp koma beiðnir um námsleyfi. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
USK	U1200	Mannauðsdeild	Frá	-4.300
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	4.300
Samtals				0

SBPC-16 Tillaga vegna frestunar á ráðningu hjá Náttúru og gördum

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs lækki um 12.000 þ.kr. með því að fresta ráðningu í stöðu verkefnisstjóra hjá Náttúru og gördum í eitt ár. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
USK	U5600	Náttúra og garðar	Frá	-12.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	12.000
Samtals				0

SBPC-17 Tillaga vegna lækkunar á framlögum í rekstri Kirkjugarðs í Úlfarsfelli

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs lækki um 24.000 þ.kr. vegna Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma. Framkvæmdir vegna undirbúnings við nýjan kirkjugarð í Úlfarsfelli hafa verið fluttar á fjárfestingarlið. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
USK	U1110	Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæmis	Frá	-24.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	24.000
Samtals				0

SBPC-18 Tillaga vegna breytinga á flutningi á færanlegum kennslustofum

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs lækki um 20.000 þ.kr. vegna færanlegra kennslustofa. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
USKES	1604	Færanlegar kennslustofur	Frá -20.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til 20.000
Samtals			0

SBPC-19 Tillaga vegna breytinga á greiðslum til Reykjanesfólkvangs

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssvið fái heimild til þess að segja upp samstarfssamningi vegna rekstur Reykjanesfólksvangs frá árinu 2024. Gert er ráð fyrir að tillagan skili 4.400 þ.kr. á ársgrundvelli.

SBPC-20 Tillaga vegna lækkunar á viðhaldskostnaði gatnalýsingar

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs lækki um 20.000 þ.kr. vegna lækkunar á viðhalds gatnalýsingar vegna LED væðingar. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
USK	U3216	Gatnalýsing	Frá -20.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til 20.000
Samtals			0

SBPC-21 Tillaga vegna endurnýjun búnaðar hjá Landupplýsingadeild

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs lækki um 1.000 þ.kr. vegna frestunar á endurnýjun búnaðar á Landupplýsingardeild. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
USK	U0300	Landupplýsingar	Frá -1.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til 1.000
Samtals			0

SBPC-22 Tillaga vegna lækkunar á kostnaði við aðkeypta sérfræðipjónustu, kynningar- og auglýsingakostnaðar

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs lækki um 12.000 þ.kr. vegna kaupa á sérfræðipjónustu, kynningar- og auglýsingarkostnaði. Lækkunin verður útfærð á hinum ýmsum starfseiningum sviðsins. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
USK	UXXX	Ýmsar skrifstofur USK	Frá -12.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til 12.000
Samtals			0

SBPC-23 Tillaga vegna lækkunar á kostnaði við aðkeypta þjónustu hjá Byggingarfulltrúa

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs lækki um 12.000 þ.kr. vegna skönnunar séruppráttá hjá Byggingarfulltrúa. Verkefnið færðist til PON undir stafræna umbreytingu. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
USK	U3400	Byggingarfulltrúi	Frá -12.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til 12.000
Samtals			0

SBPC-24 Tillaga vegna breytinga á styrkveitingum vegna uppsetningu á rafhleðslustöðvum

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs lækki um 20.000 þ.kr. vegna styrkveitinga rafhleðslustöðva við fjölbýlishús. Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur rennur út á þessu ári og hefur OR tekið ákvörðun um að framlengja hann ekki þar sem verkefnið hefur að mörgu leyti náð markmiði sínu, sem var að vekja athygli húsfélaga á möguleikum á uppsetningu rafhleðslustöðva og stuðla að uppbyggingu þekkingar til slíkra verkefna á verktakamarkaði. Fjárheimild verður flutt á kostn.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
USK	U5000	Skrifstofa Umhverfisgæða	Frá	-20.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	20.000
Samtals				0

SBPC-25 Tillaga vegna breytinga á gjaldsvæði Bílastæðasjóðs

Lagt er til að tekjuáætlun umhverfis- og skipulagssviðs verði hækkuð um 50.000 þ.kr. vegna stækkunar á gjaldsvæðum Bílastæðasjóðs. Sem fyrr en gert ráð fyrir að íbúar á viðkomandi svæðum geti fengið íbúakort.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
USK	U3710	Útídeild Bílastæðasjóðs	Frá	-50.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	50.000
Samtals				0

SBPC-26 Tillaga vegna breytinga á afsláttum til langtímanotenda í bílastæðahúsum

Lagt er til að tekjur umhverfis- og skipulagssviðs verði hækkaðar vegna uppsagnar á afsláttum langtímanotenda í bílastæðahúsum en fyrirkomulag þeirra verður endurskoðað.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
USK	U372X	Bílastæðahús	Frá	-10.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	10.000
Samtals				0

SBPC-27 Tillaga vegna breytinga á rekstri Vinnuskóla Reykjavíkur

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssvið endurskoði rekstur Vinnuskóla Reykjavíkur með tilliti til breytingar á fyrirkomulagi skólans og því markmiði að vinna við umhirðu, garðyrkju og önnur verkefni verði fyrirferðarmeiri í starfi skólans en námskeið og fræðsla minnki til móts við það sem gildir á almennum vinnumarkaði en stefnt er að því að öll ungmenni sem sækja um í vinnuskólanum fái starf. Tillaga liggja fyrir 1. mars 2023.

SBPC-28 Tillaga vegna breytinga á styrkveitingum vegna hljóðvistar

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs lækki um 6.500 þ.kr. vegna hljóðvistarstyrkja 2023-2024. Aðgerðin felur í sér að fella tímabundið niður styrkveitingar til úrbóta í hljóðvist íbúða af völdum umferðarhávaða. Umsókn um hljóðvistarstyrk er gild í tvö ár. Umsóknir sem þegar hefur verið veitt velyrði fyrir á árinu 2022 er því í gildi út árið 2024. Miðað við að ekki verði tekið við nýjum umsóknum frá og með 1. janúar 2023. Tillagan felur því í sér lækkað fjármagn í hljóðvistarstyrki til ársins 2025 en enga styrkveitingar frá 1.janúar 2025.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
USK	U3010	Hljóðvistarstyrkir	Frá	-6.500
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	6.500
Samtals				0

SBPC-29 Tillaga vegna endurskoðunar á gjaldskrá afnotaleyfa

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssvið endurskoði gjaldskrá afnotaleyfa með tilliti til leigu af borgarlandi til að skapa hagrænan hvata til að stýra stærð þess lands sem fæst að láni til að lágmarka rask á borgarlandinu vegna framkvæmda. Ný gjaldskrá vegna afnotaleyfa verði lögð fram um leið og tillaga liggur fyrir. Tillaga liggja fyrir 1. mars 2023.

SBPC-30 Tillaga vegna flutnings á þjónustu meindýravarna til DÝR

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssvið og íþrótt- og tómstundasviðs skoði rekstrarfyrirkomulag og flutning á starfsemi meindýravarna Reykjavíkurborgar til Dýraþjónustu Reykjavíkurborgar.

SBPC-31 Tillaga um betri rekstur og afkomu Bílastæðahúsa Bílastæðasjóðs

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssviði, Bílastæðasjóði, í samvinnu við eignasjóð og deild atvinnuþróunar á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara móti tillögur um bættan rekstur og afkomu Bílastæðahúsa Bílastæðasjóðs. Horft verði til bættrar nýtingar og breytinga á bílastæðagjöldum og gjaldskrá, sólarhringsþjónustu með stafrænni umbreytingu, mögulegt samstarf við hótél og bílaleigur þar sem við á en einnig breyttrar nýtingar og hugsanlegar umbreytingar og jafnvel sölu einstakra húsa að hluta eða í heild, byggt á greiningu, skipulagssýn og Bílastæðastefnu Reykjavíkurborgar. Tillaga liggja fyrir 1. maí 2023.

VEL

SBPC-32 Tillaga vegna reksturs og þjónustu við langveik börn

Lagt er til að hafnar verði viðræður um ríkið að taka að sér rekstur búsetuúrræða og þjónustu við fötluð og langveik börn þar sem marghátuð heilbrigðisþjónusta er veigamesti þáttur þjónustunnar.

SBPC-33 Tillaga vegna reksturs Seljahlíðar

Lagt er til að rekstur 20 hjúkrunarrýma í Seljahlíð verði lagður niður, rekstararleyfin flytjist til annarra hjúkrunarheimila skv. ákvörðun ríkisins og rýmum breytt í þjónustuíbúðir líkt og aðrar íbúðir Seljahlíðar. Hjúkrunareiningin er lítil og óhagkvæm í rekstri enda hefur Reykjavíkurborg greitt um 50 m.kr. með rekstrinum árlega. Rekstur hjúkrunarheimila er ekki á verkefnasviði sveitarfélaga. Þegar breytingin verður komin til framkvæmda skilar hún 67 m.kr. sparnaði á ársgrundvelli.

SBPC-34 Tillaga vegna leigusamnings um þjónustumiðstöð á Sléttuvegi

Hrafnista rekur nú félagsmiðstöð að Sléttuvegi með opnu félagsstarfi, húsvörslu, símsvörun, rekstri borðsalar og rekstri móttökueldhúss auk annars hefðbundins reksturs þjónustumiðstöðvar. Jafnframt hefur Hrafnista með höndum rekstur almennrar dagdvalar í húsakynnum þessum. Það er mat skrifstofu öldrunarþjónustu að sú félagsmiðstöð nýtist fyrst og fremst íbúum hússins og gestum dagdvalar, en síður aðilum í hverfinu og að unnt væri að nýta aðrar félagsmiðstöðvar fyrir þann hóp. Lagt er til að viðræður verði hafnar um að segja upp eða breyta til lækkunar þjónustusamningi vegna rekstrar þjónustumiðstöðvar fyrir eldri borgara við Sléttuveg 25-27 í hagræðingarskyni ásamt leigusamningi um þjónustumiðstöð DAS við Sléttuveg í Reykjavík. Árlegur kostnaður vegna reksturs á Sléttuvegi er alls 136,5 mkr.

SBPC-35 Tillaga vegna unglingsmiðja

Lagt er til að starfsemi unglingsmiðjanna Stígs og Traðar leggist af og markhópi úrræðanna verði sinnt í samstarfi fagfólks félagsmiðstöðva og Keðjunnar sem hluti af Betri borg fyrir börn. Unglingsmiðjurnar eru úrræði sem eiga rætur á tíma þegar mun færri fagfólk var í frítímaþjónustu borgarinnar og eru nú hluti Keðjunnar sem veitir fjölskyldum fjölþættan stuðning. Þjónusta við markhóp úrræðanna verður endurskipulögð. Heildarfjárveitingar til þeirra eru 63 mkr á ári.

SBPC-36 Tillaga vegna Vin dagseturs

Lagt er til að Vin dagsetur verði lagt af en markhópi þjónustunnar mætt með öðru móti á félagsmiðstöðvum borgarinnar. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar tók við rekstri Vin dagseturs í júlí 2022 en Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu hafði rekið það áður með samningi við Reykjavíkurborg. Rauði krossinn ákvað að hætta rekstrinum. Vin er dagsetur fyrir fólk með geðraskanir og er helsta hlutverk Vinjar að draga úr félagslegri einangrun og skapa vinnulegt umhverfi fyrir gesti setursins. Þjónusta til að koma til móts við félagsstarf verður útfært í samráði við Geðhjálp.

SBPC-37 Tillaga vegna samstarfs Virkniúss, Bataskóla ofl.

Lagt er til að á vettvangi Virkniúss verði fyrrverandi úrræði Námsflokka Reykjavíkur, Bataskólinn og e.t.v. fleira samþætt. Leitað verði samstarf við viðeigandi ráðuneyti þar sem verkefni falla undir verkefni ríkisins en einnig stefnt að aukinni samlegð og markvissum rekstri.

SBPC-38 Tillaga vegna niðurfellingar reglna Reykjavíkurborgar um styrki til áfangaheimila frá 16. desember 2008

Lagt er til að reglur Reykjavíkurborgar um styrki til áfangaheimila voru samþykktar í velferðarráði 16. desember 2008 verði lagðar niður. Ástæðan fyrir samþykkt reglnanna var að þeir sem dvöldu á áfangaheimilum gátu ekki skráð lögheimili sitt þar og því fengu þeir hvorki húsaleigubætur né sérstakar húsaleigubætur (nú húsnæðisstuðningur og sérstakur húsnæðisstuðningur). Til að þeir einstaklingar sem dvöldu á áfangaheimilum væru ekki í verri stöðu en aðrir leigjendur borgarinnar samþykkti velferðarráð nefndar reglur. Þann 1. janúar 2017 tóku gildi lög nr. 75/2016 um húsnæðisbætur sem breyttu þessu landslagi. Á grundvelli þeirra laga og reglna um sérstakan húsnæðisstuðning gátu einstaklingar sem dvöldust á áfangaheimilum sótt um húsnæðisbætur og sérstakan húsnæðisstuðning. Með því var ekki þörf lengur á nefndum reglum. Reglurnar um styrki til áfangaheimila eru komnar til ára sinna og stjórnsýslan í kringum þær er gamaldags og vafamál hvort framkvæmdin standist reglur um vernd persónuupplýsinga þar sem þær gera ráð fyrir að áfangaheimili sendi kennitölur þeirra sem þar dvelja til skrifstofu velferðarsviðs. Afnáam reglnanna mun ekki snerta fjárhag þeirra sem þar dvelja þar sem þeir eiga rétt á að sækja um húsnæðisstuðning og sérstakan húsnæðisstuðning. Hins vegar mun afnáam reglnanna leiða til þess að rekstraraðilar áfangaheimila verði fyrir tekjutapi. Þeir eiga hins vegar möguleika á að sækja um styrki í styrkjaþott velferðarráðs fyrir þeirri þjónustu sem sem þeir veita leigutökum.

SBPC-39 Tillaga vegna stefnumörkunar félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni

Lagt er til í að ráðast í heildstæða stefnumörkun um menningar- og félagsstarfsemi allra aldurshópa í borginni þar sem öflugt félags- og menningarstarf í öllum borgarhlutum og markviss og góð nýting mannauðs, húsnæðis- og fjármuna verði eitt af lykilmarkmiðum. Félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar á vegum velferðarsvið eru 17 talsins. Nýting þjónustu þeirra er afar mismunandi og ræður þar eðli starfsemi þeirra og staðsetning. Mat skrifstofu öldrunarþjónustu er að unnt sé að fækka miðstöðvunum ásamt móttökueldhúsum sem þar eru starfandi um 5. Eftir munu standa a.m.k. 1 félagsmiðstöð í hverju hverfi borgarinnar sem er í samræmi við áætlanir meirihluta borgarstjórnar um samfélagshús. Menningar-, íþrótta- og tómstundasvið rekur menningarhús í öllum borgarhlutum fyrir alla aldurshópa, á grunni útibúa Borgarbókasafnsins, menningarmiðstöðina Gerðuberg í Breiðholti og Hitt húsið í Elliðaárdal

sem þjónar ungu fólki. Þá eru íþróttamannvirki og sundlaugar oft vinsælir samkomustaðir sem gegna mikilvægu hlutverki. Skóla- og frístundasvið rekur frístundamiðstöðvar í öllum borgarhlutum á fjölmörgum starfsstöðum, þar eru aðeins fyrir ungt fólk og eru ýmist í sérhæfðu húsnæði sem og innan skóla. Fagfólk um frítímapjónustu starfar að einhverju leyti á öllum þessum sviðum, auk sérfræðinga Borgarbókasafns og annars starfsfólks, sérhæfðs og ekki. Ábyrgð á pólitískri stefnumörkun, staðsetning einstakra þátta í starfseminni í stjórnkerfi borgarinnar ásamt tillögum um framtíðarsýn, skipulag starfseminnar, samþættingu og samstarf og nýtingu húsnæðis og fleira komi allt til skoðunar í stefnumörkuninni. Fyrstu tillögum verði skilað 1. maí 2023.

MOF

SBPC-40 Tillaga vegna breytinga á Landnámssýningu/Ljósmyndasafni

Lagt er til að fjárheimildir Menningar- og ferðamálasviðs lækki um 6.010 þ.kr. hjá Borgarsögusafni vegna niðurfellingar á stöðugildi vegna afgreiðslu og skráningar. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
MOF	03710	Landnámssýningin	Frá	-6.010
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	6.010
Samtals				0

SBPC-41 Tillaga vegna breytinga á stöðugildum

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs lækki um 8.339 þ.kr. hjá Borgarsögusafni vegna niðurfellingar á tímabundnu stöðugildi vegna verkstæðisvinnu. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
MOF	03700	Borgarsögusafn	Frá	-8.339
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	8.339
Samtals				0

SBPC-42 Tillaga vegna breytinga á sýningum

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs lækki um 8.304 þ.kr. hjá Listasafni Reykjavíkur vegna niðurfellingar á tveimur sýningum af þeim 19 sem fyrirhugaðar eru á árinu 2023. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
MOF	03300	Listasafn Reykjavíkur	Frá	-8.304
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	8.304
Samtals				0

SBPC-43 Tillaga vegna breytinga á útgáfu fríblaða

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs lækki um 810 þ.kr. hjá Listasafni Reykjavíkur vegna niðurfellingar á útgáfu fríblaða og fækkunar á útsendum boðsmiðum. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
MOF	03300	Listasafn Reykjavíkur	Frá	-810
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	810
Samtals				0

SBPC-44 Tillaga vegna breytinga á starfsemi Borgarbókasafns

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hjá Borgarbókasafni lækki um 4.750 þ.kr. þar sem dregið verður úr viðburðahaldi og aðkeypt vinna minnkuð. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
MOF	03220	Miðlun og nýsköpun	Frá	-4.750
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	4.750
Samtals				0

SBPC-45 Tillaga vegna breytinga á starfshlutfalli

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs lækki um 8.600 þ.kr. hjá Borgarbókasafni vegna niðurfellingar á stöðugildi. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
MOF	03205	Borgarbókasafnið Gerðubergi	Frá	-8.600
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	8.600
Samtals				0

SBPC-46 Tillaga vegna breytinga á starfshlutfalli

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs lækki um 3.700 þ.kr. hjá Borgarbókasafni vegna niðurfellingar á 75 % stöðugildi. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
MOF	03220	Miðlun og nýsköpun	Frá	-3.700
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	3.700
Samtals				0

SBPC-47 Tillaga vegna breytinga á starfshlutfalli

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs lækki um 2.300 þ.kr. hjá Borgarbókasafni vegna niðurfellingar á 25% stöðugildi. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
MOF	03220	Miðlun og nýsköpun	Frá	-2.300
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	2.300
Samtals				0

SBPC-48 Tillaga vegna breytinga á verkefnum og viðburðum

Lagt er til að fjárheimildir menningar- og ferðamálasviðs hjá Borgarbókasafni lækki um 2.400 þ.kr. vegna samræmingar á opnunartíma safnanna. Lokað verður í fimm söfnum kl 18 alla daga vikunnar en tvö söfn (Kringlan og Gróf) verða opin til kl 18:30. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
MOF	032XX	Borgarbókasafn	Frá	-2.400
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	2.400
Samtals				0

SFS

SBPC-49 Tillaga vegna breytingar á opnunartímum félagsmiðstöðva

Lagt er til að breyting verði á opnunartíma í félagsmiðstöðvum unglinga innan borgarinnar. Opnunartími yfir vetrartímann verði stytur í 21:45 í stað 22:00 til að gæta betra samræmis við útvistatíma unglinga. Fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 9.859 þ.kr. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	I414	Félagsmiðstöðvar	Frá	-9.859
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	9.859
Samtals				0

SBPC-50 Tillaga vegna innheimtu á raunkostnaði við þjónustu Klettaskóla og Brúarskóla

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 50.000 þ. kr. vegna innheimtu raunkostnaðar hjá nágrannasveitarfélögum í stað þess að innheimta byggi á áætlun líðandi árs. Eðlilegt markmið er að greiðslur taki mið af raunkostnaði. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	M2188	Klettaskóli	Frá	-50.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	50.000
Samtals				0

SBPC-51 Tillaga vegna breytinga á kostnaðarpáttöku í rekstri Klébergsskóla

Lagt er til að teknar verði upp viðræður um að Kjósahreppur greiði raunkostnað vegna skólagöngu barna úr Kjósahreppi í Klébergsskóla

SBPC-52 Tillaga vegna breytingar á frístundarstarfi Ingunnarskóla

Lagt er til að húsnæði í eigu þriðja aðila verði skilað og frístundastarf verði flutt inn í húsnæði skólans. Tillagan felur í sér niðurfellingu á innri leigu til eignaskrifstofu um 14.400 þ.kr. á árinu 2024.

SBPC-53 Tillaga vegna breytingar á færanlegum stofum í Waldorf/Sólstöfum

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 15.000 þ. kr. vegna skila á færanlegu húsnæði á lóð Waldorfsskóla. Tillagan felur í sér niðurfellingu á innri leigu til eignaskrifstofu.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	M2302	Waldorfsskólinn Sólstafr	Frá	-15.000
ESR	xxx	Eignaskrifstofa innri leiga - lækkun tekna	Til	15.000
Samtals				0

SBPC-54 Tillaga vegna breytingar á starfsemi í Miðbergi

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 12.000 þ. kr. vegna skila á húsnæðinu í Miðbergi. Tillagan felur í sér niðurfellingu á innri leigu til eignaskrifstofu.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	I3010	Miðberg	Frá	-12.000
ESR	xxx	Eignaskrifstofa innri leiga - lækkun tekna	Til	12.000
Samtals				0

SBPC-55 Tillaga vegna breytingar á leigu húsnæðis við Þorragötu

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 12.000 þ.kr. vegna skila á húsnæðinu að Þorragötu. Tillagan felur í sér niðurfellingu á innri leigu til eignaskrifstofu.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	I7281	Félagsm. Þorragötu(félagsm Hofið)	Frá	-12.000
ESR	xxx	Eignaskrifstofa innri leiga - lækkun tekna	Til	12.000
Samtals				0

SBPC-56 Tillaga vegna breytingar á sundkennslu 10. bekkjar

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 10.000 þ. kr. vegna sundkennslu í 10. bekk þar sem meirihluti nemenda klárar lokasundpróf í 9. bekk. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	M415	Sameiginlegur kostnaður fagskrifstofu grunnskóla	Frá	-10.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	10.000
Samtals				0

SBPC-57 Tillaga vegna breytinga á ráðningum á sumarliðum í leikskólum

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 60.000 þ.kr. þar sem ekki verður ráðið viðbótar sumarfólk úr röðum ungmenna til viðbótar við afleysingarfólk inn í leikskóla borgarinnar sumarið 2023. Gert er ráð fyrir betri stöðu á vinnumarkaði varðandi sumarstörf ungs fólks, en ráðning á viðbótar sumarfólki á leikskóla var hluti af átaki eftir Covid. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	D416	Sameiginlegur kostnaður fagskrifstofu leikskólar	Frá	-60.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	60.000
Samtals				0

SBPC-58 Tillaga vegna verðlauna í tengslum við meistararitgerðir

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 3.500 þ. kr. þar sem verðlaun tengd meistararitgerðum sem fjalla um skóla- og leikskólamál verða felld niður. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	M415	Sameiginlegur kostnaður fagskrifstofu grunnskóli	Frá	-3.500
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	3.500
			Samtals	0

SBPC-59 Tillaga vegna breytinga á tækjakaupapotti. Lækkun um 50% í eitt ár.

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 50.000 þ.kr. þar sem tækjapottur til endurnýjunar tækja og áhalda í leik- og grunnskólum verður lækkaður um 50% í eitt ár. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	M2224	Sameiginleg þjónusta grunnskóla	Frá	-50.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	50.000
			Samtals	0

SBPC-60 Tillaga vegna breytinga á samningum um skólabúðir á Úlfjótavatni

Lagt er til að skóla- og frístundasvið segi upp samstarfssamning við Bandalag íslenskra skáta vegna skólabúða á Úlfjótavatni sem rennur út í árslok 2023. Dreigið hefur mikið úr áhuga grunnskóla á þessum ferðum og samningurinn því lítið nýttur. Gert er ráð fyrir að tillagan skili 8.000 þ.kr. á ársgrundvelli.

SBPC-61 Tillaga vegna breytinga á fjárveitingu vegna viðbótarbókakaupa

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 9.000 þ. kr. þar sem fjárveitingin er orðin hluti af nýju úthlutunarlíkani grunnskóla. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	M415	Sameiginlegur kostnaður fagskrifstofu grunnskóla	Frá	-9.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	9.000
			Samtals	0

SBPC-62 Tillaga vegna breytinga á greiðslupátttöku í hljóðfæranámi fullorðinna

Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 70.000 þ.kr. sem felst í þeim sparnaði sem til fellur við að lækka aldursviðmið og minnka greiðslupátttöku í hljóðfæranámi fullorðinna. Áfram verður niðurgreitt nám fyrir nemendur sem sýna námsframvindu og er að halda áfram námi sem hefst fyrir átján ára aldur. En ekki er gert ráð fyrir niðurgreiðslu á tónlistarnámi einstaklinga sem hefja það á fullorðinsaldri, eða eftir 18 ára aldur. Á móti verði 25.000 þ.kr. varið til aukins tónlistarnáms fyrir börn og stefnt er að því að sú fjárhæð hækki um 25.000 þ.kr. á ári í fjögur ár og verði aukningin orðin að minnsta kosti 100.000 þ.kr. í lok þessa tímabils í samræmi við stefnumörkun borgarinnar um tónlistarnám. Tillagan felur í sér að á árinu 2023 verður 45.000 þ.kr. fjárheimild flutt frá SFS yfir á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	M3100	Tónlistaskólar	Frá	-45.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	45.000
			Samtals	0

SBPC-63 Tillaga vegna breytinga á greiðslupátttöku í söngnámi fullorðinna

Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 30.000 þ. kr. sem felst í þeim sparnaði sem til fellur við að lækka aldursviðmið og minnka greiðslubátttöku í söngnámi fullorðinna. Áfram verður niðurgreitt nám fyrir nemendur sem sýna námsframvindu og eru að halda áfram námi sem hefst fyrir tuttugu og sex ára aldur. En ekki er gert ráð fyrir niðurgreiðslu á tónlistarnámi einstaklinga sem hefja það á fullorðinsaldri, eða eftir 26 ára aldur. Á móti verður fjárheimild til hverfakóra aukin frá og með árinu 2024 þannig að minnsta kosti einn hverfakór barna og unglunga bætist við árlega í þrjú ár í samræmi við stefnumörkun borgarinnar um tónlistarnám. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	M3100	Tónlistaskólar (söngur)	Frá	-30.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	30.000
Samtals				0

SBPC-64 Tillaga vegna breytinga á innkaupum á matvælum í leikskólum

Lagt er til að fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 100.000 þ.kr. þar sem breytingar eru að eiga sér stað í rekstrarmódeli leikskóla og stjórnendur þeirra sjá sér hag í því að minnka stjórnunarpátt og rekstraráhættu vegna matráða/mötuneytis. Alls eru 47 leikskólar sem notast nú við aðkeyptan mat og er áætlað að hægt sé að ná kostnaði við þau innkaup niður með útboðum. Gert er ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram og nái að jafnaði til allra leikskóla í á miðju ári 2024. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	D416	Sam. kostnaður fagskrifstofu leikskóla	Frá	-100.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	100.000
Samtals				0

SBPC-65 Tillaga vegna breytinga á rekstri MÚU

Lagt er til að Miðstöð Útivistar og útináms flytjist frá SFS og til MÍT og komi úr ramma Gufunesbæjar eða af samstarfssamningi ÍTR og SFS vegna Gufunesbæjar. Gert er ráð fyrir að það verði rýnt í samhengi við sameiningu ÍTR og MOF.

SBPC-66 Tillaga vegna breytinga rekstri íþróttahúsa

Lagt er til að skoðað verði að flytja sex stór íþróttahús frá SFS til MÍT. Vegna smæðar hvernar rekstrareiningar ná stjórnendur grunnskóla ekki að ná fram aukinni útleigu og því hagræði sem þarf til að húsin standi undir sér rekstrarlega. Gert er ráð fyrir að tillagan geti skilað 15 m.kr. á ársgrundvelli.

SBPC-67 Tillaga vegna samvinnu og eða sameiningar skóla- og hverfabókasafna

Útfærðar verði hugmyndir um nánari samvinnu og/eða sameiningar skóla- og hverfisbókasafna undir sameiginlegri yfirstjórn í hverju hverfi en það verði rýnt í samhengi við sameiningu ÍTR og MOF. Markmiðið verði að koma í veg fyrir tvíverknað, nýta bókakost og leita leiði til að bæta aðgengi, einkum barna- og unglinga að bókum og stuðla að lestri. Jafnframt verði nýttir kostir nýrrar tæki við sjálfsskráningu og sjálfsafgreiðslu bóka í skólum og hverfisbókasöfnum. Auk ofangreinds er stefnt að því nýtt fyrirkomulag skili hagræðingu eins og kostur er. Tillagan verði útfærð fyrir 1. maí 2023.

SBPC-68 Tillaga vegna breytinga á umsjón fasteigna

Lagt er til að tilraunaverkefni með að rekstur og eftirlit með fasteignum skóla og fleira í hverfum verði fært frá viðkomandi stofnun til hverfistengds teymis fasteignastjóra, samhliða aukinni sjálfvirkni og samanburði s.s. með orkunotkun. Fjárheimildir Skóla- og frístundasviðs verði lækkaðar um 20.000 þ. kr. í tengslum við þessar breytingar. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	M21XX	Grunnskólar	Frá -20.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til 20.000
Samtals			0

SBPC-69 Tillaga vegna Þróunarsjóðs í menntamálum

Lagt er til að Þróunarsjóður í menntamálum lækki tímabundið í 100.000 þ.kr. Tekið hefur lengri tíma að vinna ýmis verkefni sem hlotið hafa styrki úr sjóðnum sl. ár, m.a. vegna Covid og eðlilegt að lagt sé mat á reynsluna af sjóðnum sem er lykiltæki til að innleiða nýja menntastefnu borgarinnar, Látum draumana ræstast. Gert er ráð fyrir, að óbreyttu að framlög til sjóðsins verði aukin aftur á komandi árum. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
SFS	M415	Þróunarsjóður menntamála	Frá -50.000
SFS	D416	Þróunarsjóður menntamála	Frá -35.000
SFS	I414	Þróunarsjóður menntamála	Frá -14.000
SFS	M3010	Þróunarsjóður menntamála	Frá -1.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til 100.000
Samtals			0

SBPC-70 Tillaga vegna yfirstjórnar tónlistarskóla og skólahljómsveita

Lagt er til að unnar verði tillögur sem stuðli að því að framlög til tónlistarskóla og skólahljómsveita renni að enn stærri hluta til tónlistarnáms og að sparnaður náist í stjórnun. Núverandi fyrirkomulag með skólastjórum í öllum tónlistarskólum og skólastjórum og aðstoðarskólastjórum í öllum skólahljómsveitum er líklega ekki besta eða hagkvæmasta fyrirkomulag mála og óskað eftir tillögum SFS og MÍT varðandi framtíðarfyrirkomulag að þessu leyti. Gert er ráð fyrir að tillagan verði rýnd í samhengi við sameiningu ÍTR og MOF. Horft verði til hlutfalls stjórnunarkostnaðar og ýmsa breytinga, s.s. tilkomu nýrra hverfakóra sem verða samreknir með skólahljómsveitum. Tillögur liggja fyrir 1. apríl og taki gildi á næsta skólaári.

FAS

SBPC-71 Tillaga vegna breytinga á leyfisgjöldum

Lagt er til að fjárheimildir á sameiginlegum kostnaði verði lækkaðar um 5.000 þ.kr. vegna lækkunar á leyfisgjöldum vegna Unit4 fjárhagskerfis. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	01361	Rekstur miðlægs bókhaldskerfis	Frá -5.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til 5.000
Samtals			0

SBPC-72 Tillaga vegna breytinga á útsendum greiðsluseðlum

Lagt er til að fjárheimildir á sameiginlegum kostnaði verði lækkaðar um 10.000 þ.kr. með því að fella niður póstsendingar á útgefnum greiðsluseðlum. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	01351	Innheimtukostnaður v. fasteignaskatta	Frá	-10.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	10.000
Samtals				0

SBPC-73 Tillaga vegna útboðs og samræmingar á færsluhirðingu

Lagt er til að farið verði í útboð og samræmingu á færsluhirðingu borgarinnar. Vænt er þess að verkefnið muni leiða til hagræðingar um allt borgarkerfið vegna ávinnings af samningssambandi við einn birgja.

SBPC-74 Tillaga vegna breytinga á útsendum launaseðlum

Lagt er til að fjárheimildir fjármála- og áhættustýringarsviðs lækki um 2.000 þ.kr. vegna þess að lögð verður niður birting á launaseðlum í netbanka. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
FAS	01245	Launaskrifstofa	Frá	-2.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	2.000
Samtals				0

SBPC-75 Tillaga vegna innleiðingar á verkbeiðnakerfi

Lagt er til að fjárheimildir fjármála- og áhættustýringarsviðs lækki um 8.000 þ.kr. vegna innleiðingar á verkbeiðnakerfis á sviðinu. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
FAS	xxx	Fjármála- og áhættustýringarsvið	Frá	-8.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	8.000
Samtals				0

SBPC-76 Tillaga vegna frekari stafrænnar umbreytingar

Lagt er til að fjárheimildir fjármála- og áhættustýringarsviðs lækki um 8.000 þ.kr. vegna frekari rafvæðingar á sviðinu. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
FAS	xxx	Fjármála- og áhættustýringarsvið	Frá	-8.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	8.000
Samtals				0

SBPC-77 Tillaga vegna þátttöku í sýningum

Lagt er til að fjárheimildir fjármála- og áhættustýringarsviðs lækki um 6.250 þ.kr. þar sem þátttöku í sýningunni Verk og vit verði hætt. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ESR	5110	Ráðstefna Verk og vit	Frá	-6.250
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	6.250
Samtals				0

ÞON

SBPC-78 Tillaga vegna breytinga á dreifingu á innanhússpósti

Lagt er til að fjárheimildir Þjónustu- og nýsköpunarsviðs verði lækkaðar um 1.183 þ.kr. á ársgrundvelli eða um 1.084 þ.kr á árinu 2023 vegna breytinga á dreifingu á innanhússpósti í Borgartúni. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÞON	01260	Þjónustuver Höfðatorgi	Frá	-1.084
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	1.084
Samtals				0

SBPC-79 Tillaga vegna breytinga opnunartíma móttöku

Lagt er til að fjárheimildir Þjónustu- og nýsköpunarsviðs verði lækkaðar 968 þ.kr. á ársgrundvelli eða um 887 þ.kr á árinu 2023 vegna breytinga á opnunartíma móttöku í Ráðhúsi. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÞON	01260	Þjónustuver Höfðatorgi	Frá	-887
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	887
Samtals				0

SBPC-80 Tillaga vegna breytinga á opnunartíma þjónustuvers í Borgartúni

Lagt er til að fjárheimildir Þjónustu- og nýsköpunarsviðs verði lækkaðar um 8.520 þ.kr. á ársgrundvelli eða um 7.810 þ.kr á árinu 2023 vegna breytinga á opnunartíma þjónustuvers í Borgartúni. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÞON	01260	Þjónustuver Höfðatorgi	Frá	-7.810
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	7.810
Samtals				0

SBPC-81 Tillaga vegna breytinga á prentun

Lagt er til að fjárheimildir Þjónustu- og nýsköpunarsviðs verði lækkaðar um 1.085 þ.kr. á ársgrundvelli vegna hækkun gjaldskrár vegna útprintana úr plotter. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÞON	01260	Þjónustuver Höfðatorgi	Frá	-1.085
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	1.085
Samtals				0

SBPC-82 Tillaga vegna breytinga á gjaldskrárfyrirkomulagi UTR

Lagt er til að fjárheimildir Þjónustu- og nýsköpunarsviðs verði lækkaðar um 3.750 þ.kr. á ársgrundvelli vegna breytingu á gjaldskrárfyrirkomulagi UTR. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÞON	01390	UTR Skrifstofa	Frá	-3.750
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	3.750
Samtals				0

SBPC-83 Tillaga vegna sölu á búnaði

Lagt er til að fjárheimildir Þjónustu- og nýsköpunarsviðs verði lækkaðar um 3.000 þ.kr. á ársgrundvelli vegna sölu á úreltum búnaði. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÞON	01390	UTR Skrifstofa	Frá	-3.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	3.000
Samtals				0

SBPC-84 Tillaga vegna breytingu á bréfpósti

Lagt er til að lágmarkað eða hætt verði útsendingu á bréfpósti frá borginni og nýta fremur rafrænar gáttir til að koma skilaboðum til íbúa á öruggan og skilvirkan hátt. Aðgerðin lækkar kolefnisspor borgarinnar og er því umhverfisvænni kostur.

SBPC-85 Tillaga vegna breytingu á starfsemi Borgarskjalasafns

Lagt er til að hlutverk og verkefni Borgarskjalasafn verði endurskoðuð m.t.t. þeirra breytinga er rafræn langtímaröveisla hefur í för með sér en einnig hvað varðar önnur hlutverk og verkefni safnsins. Lagt verði mat á samstarfs- eða sameiningarmöguleika í því sambandi sem og hugsanlegan tilflutning verkefna. Horft verði til þeirra sviðsmyndagreiningar er nú á sér stað. Tillögur verði tilbúnar fyrir 1. mars 2023.

SBPC-86 Tillaga vegna breytingu á geymslu stofnskrárupplýsinga

Lagt er til að kerfi sem skuli geyma stofnskrárupplýsingar verði skilgreind og rekstur þeirra færður til Þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Áætlaður ábati af því því er m.a. aukin gæði og samkvæmni gagna, auðveldari innleiðing nýrra kerfa, hlítingu og aðgangsstýringu og skýrslugerð. Tillaga að útfærslu verði tilbúin fyrir 1. mars 2023.

ÍTR

SBPC-87 Tillaga vegna skipulagsbreytinga í Nauthólsvík

Lagt er til að fjárheimildir Íþróttá- og tólmstundasviðs lækki um 23.000 þ.kr. vegna lokunar á Siglunesi í Nauthólsvík. Miklar breytingar eru framundan í umhverfi siglinga vegna brúar yfir Fossvog og húsnæði Sigluness kallar á umfangsmikið viðhald. Unnið er að undirbúningi á framtíðaraðstöðu siglinga og starfshópur um haftengda upplifun og Íþróttir er að störfum. Gengið verður til viðræðna um að siglingaklúbbur taki yfir námskeiðahald á sumrin líkt og gert er í öðrum sveitarfélögum. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÍTR	I5300	Siglingar í Nauthólsvík	Frá	-23.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	23.000
Samtals				0

SBPC-88 Tillaga vegna skipulagsbreytinga í sundlaugum

Lagt er til að fjárheimildir Íþróttá- og tómstundasviðs lækki um 57.861 þ.kr. vegna skipulagsbreytinga á opnunartímum á rauðum dögum. Til stendur að hafa eina laug í vesturborg og eina í austurborg opna eftir sem áður. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÍTR	xxx	Sundlaugar	Frá	-57.861
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	57.861
Samtals				0

SBPC-89 Tillaga vegna breytinga á opnun í Skautahöllinni

Lagt er til að fjárheimildir Íþróttá- og tómstundasviðs lækki um 5.000 þ.kr. vegna breytinga á sumaræfingum og opnunartímum í Skautahöllinni. Markmiðinu má einnig ná með endurskoðun á samningi um reksturinn við ÍBR. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÍTR	I5265	Skautahöll í Laugardal	Frá	-5.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	5.000
Samtals				0

SBPC-90 Tillaga vegna breytinga á leigðum tímum í Egilshöll

Lagt er til að fjárheimildir Íþróttá- og tómstundasviðs lækki um 10.000 þ.kr. vegna fækkunar á leigðum tímum í Egilshöll og verði gagna aflað um nýtingu og vannýtingu núverandi tíma. Fjárheimild verður flutt á kost.st. 09610 á ÖNN.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÍTR	I5290	Egilshöll	Frá	-10.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	10.000
Samtals				0

SBPC-91 Tillaga vegna breytinga á styrkjum

Lagt er til að fjárheimildir Íþróttá- og tómstundasviðs lækki um 2.000 þ.kr. vegna lækkunar á styrkjum ráðsins.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÍTR	xxx	Styrkir	Frá	-2.000
ÖNN	09610	Aðgerðaráætlun	Til	2.000
Samtals				0

SBPC-92 Tillaga vegna starfsemi Hins hússins

Lagt er til að ráðist verði í gerð framtíðarsýnar og stefnumörkun um starfsemi Hins hússins í Elliðaárdal en það verði rýnt í samhengi við sameiningu ÍTR og MOF. Starfsemi Hins hússins er fjölbreytt og margþætt. Ein meginuppistaðan er frístundastarf fatlaðra ungmenna á framhaldsskólaaldri. Ungmennum er ekið í framhaldsskóla að morgni, oftast með ferðapjónustu fatlaðs fólks, úr aðstöðu sinni í framhaldsskólum á hádegi í Elliðaárdal og aftur heim síðdegis. Leggja þarf mat á þessa framkvæmd í samráði við nemendur, aðstandendur og starfsfólk. Viðburðahald á vegum Hins hússins, s.s. utanumhald um Skrekk, Músiktilraunir og fleira, er mikilvægt en gæti átt samleið með öðru viðburðahaldi í borginni. Leggja þarf mat á staðsetningu Hins hússins og mismunandi starfsþátta þess eftir reynsluna af staðsetningu í

Elliðaárdal og með hliðsjón af uppbyggingu nýs hverfis í Ártúnsholti og Vogum, auk mögulegrar tilkomu Toppstöðvarinnar sem miðstöðvar Jaðariþróttar og ef til vill fleira í næsta nágrenni.

FRAMKVÆMD OG ÚTFÆRSLA

SBPC-93 Framkvæmd

Lagt er til að sviðstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs verði falið að útfæra ofangreindar breytingar á kostnaðarstaði í A-hluta eftir því sem við á, í samráði við hlutaðeigandi svið.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri



Borgarráð

Aðrar breytingartillögur á fjárhagsáætlun 2023**SBPC-94 Tillaga vegna fjölgunar barna í borgarreknunum grunnskólum**

Lagt er til að fjárheimild skóla- og frístundasviðs verði hækkuð sem nemur 21.126 þ.kr. vegna fjölgunar barna í borgarreknunum grunnskólum. Útgjaldaaukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-21.126
SFS	xxx	Skóla- og frístundasvið - borgarreknir grunnskólar	Til	21.126
Samtals				0

SBPC-95 Tillaga vegna sjálfstætt starfandi grunnskóla

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs hækki um 55.650 þ.kr. vegna breytinga á viðmiðunarverði og fjölda barna í sjálfstætt starfandi grunnskólum. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-55.650
SFS	xxx	Skóla- og frístundasvið - sjálfstætt starfandi grunnskólar	Til	55.650
Samtals				0

SBPC-96 Tillaga vegna sjálfstætt starfandi leikskóla

Lagt er til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs lækki um 258.486 þ.kr. vegna færri barna í sjálfstætt starfandi leikskólum en áætlað hefur verið. Gert hafði verið ráð fyrir 1.290 börnum en þau eru hins vegar 1.144. Breytingin felst að hluta til í því að hlutfallslega eru fleiri börn frá nágrennasveitarfélögunum í viðkomandi skólum en spár gerðu ráð fyrir og rekstrarleyfi hafa ekki verið fullnýtt. Breytingunni verði ráðstafað inn á kostnaðarstað 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SFS	xxx	Skóla- og frístundasvið - sjálfstætt starfandi leikskólar	Frá	-258.486
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Til	258.486
Samtals				0

SBPC-97 Tillaga vegna sértækrar frístundar

Lagt er til að fjárheimild skóla- og frístundasviðs hækki um 16.535 þ.kr. vegna fjölgunar barna í sértækri frístund. Útgjaldaaukinn verði fjármagnaður af kostnaðarstað 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-16.535
SFS	xxx	Skóla- og frístundasvið - sértæk frístund	Til	16.535
Samtals				0

SBPC-98 Tillaga vegna verkefnisins Betri borg fyrir börn – tilfærsla milli sviða

Lagt er til að færa 3.739 þ.kr. fjárheimild frá velferðarsviði til skóla- og frístundasviðs vegna verkefnisins betri borg fyrir börn.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	xxx	Velferðarsvið - Betri borg fyrir börn	Frá	-3.739
SFS	xxx	Skóla- og frístundasvið - Betri borg fyrir börn	Til	3.739
Samtals				0

SBPC-99 Tillaga vegna flutnings barnabókaverðlauna frá SFS til MOF

Lagt er til að færa 1.030 þ.kr. fjárheimild frá skóla- og frístundasviðs til menningar- og ferðamálasviðs vegna tilfærslu barnabókaverðlauna.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
SFS	xxx	Skóla- og frístundasvið - barnabókaverðlaun	Frá	-1.030
MOF	xxx	Menningar- og ferðamálasvið - barnabókaverðlaun	Til	1.030
Samtals				0

SBPC-100 Tillaga vegna næturstrætó

Lagt er til að fjárheimild framlaga til Strætó bs. verði hækkuð vegna aksturs næturstrætó í Reykjavík. Tillagan felur í sér að hafinn verði akstur næturstrætó innan Reykjavíkur og greitt sérstaklega fyrir þá þjónustu til Strætó. Útgjaldaaukinn verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostn.st. 09205.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá	-51.000
FRAML	xxx	Framlög til Strætó	Til	51.000
Samtals				0

SBPC-101 Tillaga vegna endurmats starfa

Lagt er til að fjárheimildir íprótta- og tómsundasviðs, menningar- og ferðamálasviðs, skrifstofa miðlægrar stjórnýslu, skóla- og frístundasviðs, fjármála- og áhættustýringarsviðs, þjónustu- og nýsköpunarsviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og velferðarsviðs hækki um samtals 419.930. þ.kr. vegna endurmats á störfum. Vistuð hafði verið fjárheimild vegna þessa á miðlægum lið í frumvarpinu og felur tillagan í sér úthlutun á fjármagninu til sviða. Útgjaldaauki verði fjármagnaður af liðnum launa- og starfsmannakostnaður, kostn.st. 09126.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-419.930
ÍTR	xxx	Endurmat starfa	Til	31.865
MOS	xxx	Endurmat starfa	Til	156
RHS	xxx	Endurmat starfa	Til	1.992
RHSES	xxx	Endurmat starfa	Til	1.150
SFS	xxx	Endurmat starfa	Til	3.087
FAS	xxx	Endurmat starfa	Til	145
ÞON	xxx	Endurmat starfa	Til	1.139
USK	xxx	Endurmat starfa	Til	12.298
VEL	xxx	Endurmat starfa	Til	368.098
Samtals				0

SBPC-102 Tillaga vegna uppbyggingaráætlunar velferðarsviðs - Tindasel

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 124.000 þ. kr. vegna breytinga á ummönnunar og stuðningsþörfum íbúa. Til samræmis við áætlun velferðarsviðs um niðurlagningu herbergjasambýla frá 2017 var tekin ákvörðun um að breyta herbergjasambýlinu að Tindaseli í íbúðakjarna. Nýr íbúðakjarni var tekinn í notkun í mars 2022. Tindasel er í dag rekið sem íbúðarkjarni í þjónustuflokki III. Við gerð frumvarps var tekin frá fjárheimild á miðlægum lið vegna uppbyggingaráætlunar og felur tillagan í sér tilfærslu fjárheimildar til sviðsins. Útgjaldaaukinn verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá -124.000
VEL	xxx	Tindasel íbúðakjarni	Til 124.000
Samtals			0

SBPC-103 Tillaga vegna uppbyggingaráætlunar velferðarsviðs - Stjórnugróf

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs verði hækkaðar um 227.000 þ. kr. vegna Stjórnugrófar. Stjórnugróf er hluti af uppbyggingaráætlun sem samþykkt var af borgarráði 24. ágúst 2017. Starfsemin hófst í Stjórnugróf í byrjun júní 2022 Við gerð frumvarps var tekin frá fjárheimild á miðlægum lið vegna uppbyggingaráætlunar og felur tillagan í sér tilfærslu fjárheimildar til sviðsins. Útgjaldaaukinn verði fjármagnaður af liðnum ófyrirséð, kostnaðarstað 09205.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá -227.000
VEL	F4313	Uppbyggingaráætlun - Stjórnugróf	Til 227.000
Samtals			0

SBPC-104 Tillaga vegna hækkun ábyrgðartrygginga

Lagt er til fjárheimildir skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs og velferðarsviðs hækki samtals um 20.028 þ.kr. vegna hækkunar ábyrgðartrygginga. Óvenju miklar breytingar urðu á samningsforsendum og þar með iðgjaldi á ábyrgðartryggingu borgarinnar milli ára. Í frumvarpinu var tekin frá fjárheimild vegna þessa miðlægt og er verið að ráðstafa því núna til sviða. Í Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð	Frá -20.028
SFS	xxx	Ábyrgðartryggingar	Til 10.348
USKRK	xxx	Ábyrgðartryggingar	Til 1.712
VEL	xxx	Ábyrgðartryggingar	Til 7.968
Samtals			0

SBPC-105 Tillaga vegna verðbóta á samningsbundnar skuldbindingar

Lagt er til að fjárheimildir sviða og skrifstofa borgarinnar verði hækkaðar um 97.411 þ.kr. vegna breytinga á forsendum í nýrri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 11. nóv. 2022. Helstu breytingar eru þær að vísitala neysluverðs hækkar úr 4,9% í 5,6% og launaþróun hækkar úr 5,5% í 5,9%. Útgjaldaauki verði fjármagnaður með lækkun á handbæru fé. Breytingar á fjárheimildum verði eftirfarandi:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÍTR	xxx	Íþrótt- og tómstundasvið	Til	20.957
MOF	xxx	Menningar- og ferðamálasvið	Til	9.293
SFS	xxx	Skóla- og frístundasvið	Til	7.206
USK	xxx	Umhverfis- og skipulagssvið eignasjóður	Til	21.855
USKRK	xxx	Umhverfis- og skipulagssvið aðalsjóður	Til	11.984
VEL	xxx	Velferðarsvið	Til	24.811
ÞON	xxx	Þjónustu- og nýsköpunarsvið	Til	1.304
		Handbært fé	Frá	-97.411
Samtals				0

SBPC-106 Tillaga vegna innri leigu fasteigna, áhaldna og tækja og gatna

Lagt er til að fjárheimildir fag- og kjarnasviða verði lækkaðar um 2.707.840 þ.kr vegna lægri innri leigu fasteigna, áhaldna og búnaðar í samræmi við nýjar reglur um innri leigu og breyttar forsendur um vísitölu neysluverðs innan ársins í sem tekur mið af þjóðhagsspa Hagstofu Íslands frá 30. nóv. 2021. Jafnframt er lagt til að fjárheimildir eignaskrifstofu verði lækkaðar um 2.707.840 þ.kr vegna lækkunar á tekjum af innri leigu. Breytingar á fjárheimildum verði eftirfarandi:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ITR		Innri leiga - lækkun gjalda	Gjöld	-357.681
MOF		Innri leiga - lækkun gjalda	Gjöld	-114.745
ÖNN		Innri leiga - lækkun gjalda	Gjöld	-26.030
FAS		Innri leiga - lækkun gjalda	Gjöld	-2.522
RHS		Innri leiga - lækkun gjalda	Gjöld	-336
SFS		Innri leiga - lækkun gjalda	Gjöld	-1.142.273
USK		Innri leiga - lækkun gjalda	Gjöld	-28.668
USKRK		Innri leiga - lækkun gjalda	Gjöld	-970.155
VEL		Innri leiga - lækkun gjalda	Gjöld	-37.991
ÞON		Innri leiga - lækkun gjalda	Gjöld	-27.448
ESR		Innri leiga - hækkun gjalda	Gjöld	9
ESR		Eignaskrifstofa - lækkun tekna	Tekjur	2.707.840
Samtals				0

Breytingin hefur sambærileg áhrif til hækkunar á milliviðskiptum A-hluta, sbr. tillaga 115.

SBPC-107 Tillaga vegna breytingar á fjármagnskostnaði A-hluta

Lagt er til að nettó fjármagnskostnaður A-hluta verði hækkaður um 529.071 þ.kr í samræmi við breyttar verðlagsforsendur skv. þjóðhagsspa Hagstofu Íslands frá 11. nóv. 2022. Breytingin felur í sér að verðlagsáhrif á fjármagnskostnað verða 5,6% í stað 4,9% eins og frumvarpið gerði ráð fyrir. Tillagan felur í sér að rekstrarniðurstaða lækkar um 529.017 þ.kr. Útgjaldaauki verði fjármagnaður með lækkun á handbæru fé. Þar sem verðbætur hafa ekki áhrif á handbært fé mun handbært fé lækka um 9.595 þ.kr. Breytingin hefur eftirfarandi áhrif á Aðalsjóð og Eignasjóð:

Fjármagnsliðir			Fjárhæð (þkr.)
ES	Eignasjóður - hækkun fjármagnsgjalda		-754.017
RK	Aðalsjóður - hækkun fjármagnstekna		224.947
A-hluti	Breyting á rekstrarniðurstöðu	Samtals	-529.070
A-hluti	Breyting á handbæru fé	Samtals	-9.595

Breytingin felur jafnframt í sér hækkun á liðnum „Verðbætur, afföll og gengismunur“ um 519.476 þ.kr. í sjóðstreymi A-hluta og samstæðu, þar sem um reiknaðan lið er að ræða.

SBPC-108 Tillaga vegna hækkunar útsvarstekna

Lagt er til að áætlaðar tekjur vegna útsvars verði hækkaðar um 358.026 þ.kr. vegna breytinga á verðlags- og launaforsendu í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 11. nóv. 2022. Áhrif hærri launaforsendu á útsvarstekjur hefur jákvæð áhrif vegna þess að útsvarstekjur eru háðar launum íbúa Reykjavíkur. Hækkun útsvarstekna verður leiðir til hækkunar á handbæru fé.

Hækkun útsvarstekna		Fjárhæð (þkr.)
SKATT	Hækkun útsvarstekna	358.026
A-hluti	Hækkun á handbæru fé	Samtals 358.026

SBPC-109 Tillaga vegna gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar

Lagt er til að áætluð gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar verði lækkuð um 150.000 þ.kr. vegna breytinga á verðlags- og launaforsendu í samræmi við þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá 11. nóv. 2022. Áhrif hærri verðbólgu á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindingar eru jákvæð vegna þess að mikill hluti eigna lífeyrissjóðsins er verðtryggður. Áhrif hærri launaforsendu eru neikvæð vegna þess að skuldbindingar sjóðsins eru uppreiknaðar með launavísitölu. Lækkun útgjalda hefur ekki áhrif á handbært fé en bætir rekstrarniðurstöðu.

Breyting lífeyrisskuldbindingar		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar	-150.000
A-hluti	Breyting á rekstrarniðurstöðu	Samtals 150.000

Breytingin felur jafnframt í sér lækkun á liðnum „Breyting lífeyrisskuldbindingar“ um 150.000 þ.kr. í sjóðstreymi Aðalsjóðs, A-hluta og samstæðu, þar sem um reiknaðan lið er að ræða

SBPC-110 Breytingar á milliviðskiptum A-hluta

Lagt er til að milliviðskiptum samstæðu A-hluta verði breytt eins og lýst er í meðfylgjandi töflu:

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ES	xxx	Tekjur eignasjóðs (lækkun) vegna innri leigu	Tekjur	2.707.850
RK/ES	xxx	Gjöld aðalsjóðs og eignasjóðs (lækkun) vegna innri leigu	Gjöld	-2.707.850
RK	xxx	Fjármagnsliðir (hækkun fjármagnstekna)	Tekjur	-252.479
ES	xxx	Fjármagnsliðir (hækkun fjármagnsgjalda)	Gjöld	252.479
Samtals				0

Breytingin skýrist af afleiddum áhrifum af breyttum verðlagsforsendum.

FRAMKVÆMD OG ÚTFÆRSLA

SBPC-111 Framkvæmd

Lagt er til að sviðstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs verði falið að útfæra ofangreindar breytingar á kostnaðarstaði í A-hluta eftir því sem við á, í samráði við hlutaðeigandi svið.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri